

HVAÐ ER

KRISTINDÓMUR

OG

ENDURKOMÁ

KRISTS.

Eftir

Dr. Helga Þjetur.

VISIR SUNNUDAGSBLAÐ

20. Apl. 1940

I.

Oft hefir á þessum síðustu tímum verið um það rætt og ritað, hver nauðsyn sé á endurvakningu trúarinnar, og þá vitanlega kristinnar trúar. En oft hefir mér virst ástæða til að spyrja: hvað er það sem á að endurvekja? Er það trúin á það, að Gyðingar séu sérstaklega útvalin þjóð guðs, og að mesti viðburður mannkynssögunnar hafi verið það, að hjá þessari þjóð fæddist barn sem ekki átti neinn jarðneskan föður en var beinlinis Guðs son (Parþenogenesis humana!). Sú var tíðin, að það þótti slíkur stórglæpur að láta í ljósi vantrú í þessu efni, að ekki nægði að brenna manninn á báli einfaldlega, heldur varð að herða enn á hinum hryllilega kvölum. Sbr. dauða Servede 1553. — — Eða eru það líferniskenningar kristindómsins, sem á að leggja aðaláhersluna á? Þegar það er gert, þá er ekki vert að gleyma því, að sumt sem er kallað kristin kenning, er í rauninni miklu eldra, t. d. hin ágæta setning um að vér eigum að breyta gagnvart öðrum eins og vér viljum að aðrir breyti gagnvart oss. Eins ágætur heimildarmaður og söguritarinn Gibbon segir að þessi setning komi fyrir í ræðu eftir Apennmanninn Isokrates, sem uppi var um 400 árum f. Kr.

II.

Fjarri er það mér, að ætla að bera á móti því, að Jesús frá Nazareth hafi verið stórmerklegur spámaður, og að biblían sé mjög merkileg ritning, sem er jafnvel ekki að fullu metin ennþá, og þá einkum Opinberunarbókin, sem segir á svo stórkostlegan hátt af því, hvernig fer á jörð þar sem styrjaldarstefnan fær að ráða, uns hún eyðileggur sjálfan hnöttinn svo að hann verður óbyggilegur. Er þetta ennþá fróðlegra sakir þess, að frá hinu sama er sagt í Völuspá, og þó bersýnilega ekki um stælingu að ræða. En hér á jörðu er þó ekki komið lengra en það ennþá, að styrjöldunum fylgja „aðeins“ ofviðri, misviðri, eldgos, jarðskjálftar og drepsóttir. Eða réttara sagt, að slíkur ófagnaður færist þá í aukana. — En þrátt fyrir alla aðdáun á Jesú og því sem um hann hefir verið ritað, verður ekki komist hjá því að segja, að þeir sem halda fram endurvakningu kristindómsins sem meinabót, gæta ekki nógu vel að vitnisburði sögunnar. Meir en 1600 ár eru liðin síðan kristnin var gerð að ríkistrúarbrögðum, og að ekki skuli meira hafa áunnist á svo löngum tíma, bendir sterklega til þess, að kenningunni sé í einhverju áfátt. Flestir virtust lítið batna þó að þeir tækju kristni, og um vantrú veri

ekki að ræða. Minir kristnu keisarar Rómverja voru sumir hverjir ennþá viðbjóðslegri grimdarseggir en heiðnu keisararnir höfðu verið. Þetta geta menn sannfærst um ef þeir lesa það sem Tacitus og Dio Cassius segja af heiðnu keisurunum og Ammianus Marcellinus af hinum kristnu. Og það skritna er, að einmitt þeir keisararnir, er lýsa sem sólar á himni sögunnar sakir mildi og mannúðar, Marcus Árelus og Júlíanus, sem nefndur var Apostata — en Snorri nefnir þennan mann Júlíanum niðing! — voru heiðingjar.

Annað, sem ekki verður móti mælt, er það, að ekki virðist neitt fara að draga úr hinni almennu grimd og tilfinningarleysi gagnvart þjáningum náungans, fyr en langt er liðið á hina 18. öld, og virðist þá framfór fremur vera að rekja til vísindanna og þess andlega frelsis og greindarauka, sem aukin þekking hafði í för með sér.

Sem bendingu í þessa sömu átt má einnig skoða trúna á að Kristur muni koma aftur, og virðist þessi trú á endurkomu Krists aldrei hafa verið ríkari og viðtækari en einmitt á vorum dögum. En eg hygg að þeir geri sér of lágar hugmyndir um mannlegt hyggjuvit, sem i-mynda sér, að þessi svo þráláta og viðtæka trú sé alveg að engu hafandi.

III.

Sú var tíðin, að mennirnir áttu sér ekkert húsaskjól, en höfðust við undir hömrum og í hellum. Ekki kunnu þeir að kveikja upp eld. Þeir lifðu í sífeldum ótta við villidýr, og eigi einungis það, heldur einnig við menn af öðrum ættkvíslum, því að ef menn hittust sló í bardaga, og sá sem ósigur beið var jetinn. Og menn hræddust eigi einungis menn af öðrum ættkvíslum. Fólki sem komið var á gamals aldur kveið þeirri stund, er það yrði drepið og jетиð af sínum eigin frændum og niðjum. Vopn og verkfæri höfðu þeir ekki önnur en trjágreinar og steina. Nákvæmar rannsóknir hafa leitt í ljós, svo að ekki verður um vilst, að einu sinni var ævi mannanna á þessa leið. Mikill er munur orðinn síðan, og þó ekki allur á þann veg að betra hafi orðið að lifa. Þjáningar mannkynsins hafa aukist, m. a. af því, að frumfólkið hafði ekki eins næmar tilfinningar og gat því ekki kvalist líkt því eins mikið og nútímamenn. Ennfremur ber þess að gæta, að miklu fleiri kveljast og deyja nú en þá, og margir láta lifið á miklu hræðilegri hátt en þá gat átt sér stað.

En þó mikil sé breytingin til batnaðar á högum mannkynsins frá því sem í fyrnd-

in a. af því, að frumfólkið hafði ekki eins næmar tilfinningar og gat því ekki kvalist líkt því eins mikið og nútímamenn. Ennfremur ber þess að gæta, að miklu fleiri kveljast og deyja nú en þá, og margir láta lífið á miklu hræðilegri hátt en þá gat átt sér stað.

En þó mikil sé breytingin til batnaðar á högum mannkynsins frá því sem í fyrndinni var, þá mætti þó á þessari jörð lifa svo miklu betra lífi en nú er, að munurinn væri ennþá meiri en frá elstu steinöld til nútíðar, og þannig, að ekkert væri sem breyst hefði til hins verra.

Mér virðist sem trúin á endurkomu Krists geti byggt á því, að mannkyninu mætti bjarga til betra lífs, svo miklu betra, að enginn þyrfti að veina á kvölum, enginn að örvænta og óska þess að hann hefði aldrei fæðst. Það sem frumfólkinu háði var þekkingarskortur. Möguleikarnir til þess að færa sér eldinn í nyt voru t. d. fyrir hendi, en um langar aldir komu engum slíkt í hug, hvað þá að þeir kynnu aðferðina til þess. Og það sem enn varnar því að betur sé lífið, er umfram alt skortur á þekkingu. Setjum nú svo, að sá maður kæmi fram, er sæl leiðina til þess, að hin

nauðsynlega breyting gæti orðið á lífi jarðarbúa, eða upphaf hennar. Er ekki líklegt að honum mundi erfiðlega ganga fyrst í stað? Þeirri spurningu er auðvelt að svara, þegar þess er gætt, hve erfiðlega hefir oft veitt að koma fram nýjum sannindum, og þá ekki sist einmitt þeim sem mest reið á að vita. Og oft hefir mér í hug komið, hvar þess manns væri að leita, sem fyrstur mundi verða til að átta sig á því, að þessi höfuðsannindi hefðu þegar birt verið, eða þeirrar konu því að fjarri fer því, að treysti kvenfólkinu ver í þessu efni. Jafnvel þó að hin fræga

Anna gætu, hve erfiðlega hefir veitt að koma fram nýjum sannindum, og þá ekki sist einmitt þeim sem mest reið á að vita. Og oft hefir mér í hug komið, hvar þess manns væri að leita, sem fyrstur mundi verða til að átta sig á því, að þessi höfuðsannindi hefðu þegar birt verið, eða þeirrar konu því að fjarri fer því, að treysti kvenfólkinu ver í þessu efni. Jafnvel þó að hin fræga Annie Besant reyndist þar ekki glöggskygn, eins og alkunnugt er orðið.

Eg hefi sjálfur ekki getað fundið neitt svar við þessari spurningu. En ekki er að vita nema einhver af lesendum mínum geti lagt þar liðsyrði.